

Skeiða- og Gnúverjahreppur
Kristófer Tómasson, sveitarstjóri

Efni: Hrossabeit í landi Traðar

Mér hafa borist upplýsingar um að fyrirhugað sé að leigja land, sem áður var í eigu prestssetursins í Tröð, til hrossabeitar.

Það land sem hér um ræðir liggur á Þjósárhrauninu, jarðvegur er grunnur og næringarsnauður og sérstaklega fosfórsnauður. Sá gróður sem vex á þessu landi eru plöntur sem þrífast á rýru landi, mosi er áberandi og þar er að vaxa upp víðikjarr, birki og ýmsar blómjurtir. Grös eru ekki ríkjandi nema í lautum og á stöku stað og lítið er um góðar beitarplöntur fyrir hross. Austast, frá gamla Þjósárholtssvegi og að landi Réttarholts er skógrækt, m.a. lerki sem hross eiga til að eyðileggja.

Land þetta hefur verið friðað fyrir beit í 26 ár, en þá var landið orðið of mikið beitt en síðan hefur gróðri farið mikið fram.

Þetta land hentar engan veginn til hrossabeitar og jafnvel fá hross geta farið illa með það á stuttum tíma. Verði það gert er líklegt að sú beit muni duga í skamman tíma en síðan verði burðargeta lands til beitar tæmd til langs tíma. Það eru því eindregin tilmæli að heiðarlandið verði ekki notað til hrossabeitar.

Það sem er sagt hér að ofan á ekki við um túnið í Tröð.

Með kveðju,

Sigbrúður Jónsdóttir, beitarfræðingur
Landgræðslu ríkisins